

Vegna: Máls nr. 1246/2025, Digranesvegur 15. Kópavogsskóli (Lýsing)

Athugasemd:

Nærliggjandi íbúar þurfa á bílastæðum að halda. Margar íbúðir á nágrenni við Kópvogsskóla hafa ekki þinglýst bílastæði né heldur innkeyrslu eða bílskúr og hafa því lagt í bílastæði meðfram Digranesveginum og leiðbeint gestum um að leggja á bílastæði sunnanmegin við Kópavogsskóla. Samkvæmt þeim upplýsingum sem undirritaður hefur var gert þegjandi samkomulag um að gestir mættu leggja á bílastæði Kópvogsskóla.

Eftir uppbyggingu á Traðarreit eystri má gera ráð fyrir að íbúar muni þurfa að "slást" við gesti um bílastæðin meðfram Digranesvegi , enda séu þau ekki þinglýst á íbúðir og ætluð hverjum sem er. Meðal annars hafa nemar í MK lagt í þessi stæði ásamt gestum sem eiga erindi í Traðarreit eystri.

Á vinnslutillögustigi Traðarreit eystri komu fram athugasemdir nærliggjandi íbúa er varðar skort á gestabílastæðum á svæðinu. Í svari frá skipulagsráði kom fram að gert hafi verið ráð fyrir 18 gestabílastæðum norðan við áðurnefndan reit. Þá hafði einnig verið teiknað upp innskort sunnanmegin við áðurnefndan reit og rætt um að þar væri pláss fyrir gesta bílastæði ef Borgarlínan myndi ekki fara í gegn um Digranesvegin.

Eftir að deiliskipulag var samþykkt kom í ljóst að hvorki var gert ráð fyrir áðurnefndum 18 bílastæðum , né heldur var gert ráð fyrir bílastæðum sunnanmegin við Traðareit eystri. Undirritaður bíður enn skýringa frá Skipulagssviði / Gatnamálasviði bæjarins en sjá má hér í viðhengi fyrirspurn íbúa og svar bæjarins.

Það er því stórt og mikið vandamál í uppsiglingu er varðar bílastæði á svæðinu og mikilvægt að í nýju skipulagi verði gert ráð fyrir nægum bílastæðum fyrir starfsmenn skólans, sem og fyrir nærliggjandi íbúa, samkvæmt því samkomulagi sem bærinn gerði við íbúa á svæðinu. Það væri t.d. lausn ef bærinn myndi standa við áðurgefin loforð um að gera gestastæði sunnan og norðaustan megin við Traðarreit eystri. Sunnanmegin er nóg pláss til að gera amk. 15-25 gestastæði og norðaustanmegin mætti líka gera ráð fyrir fleiri bílastæðum. En þá mætti líka styrkja íbúa á svæðinu til að breyta garði húsanna í bílastæði. Margar leiðir eru færar til að leysa þennan vanda , en mikill verður vandinn ef ekkert verður að gert.

Mikilvægt er að Kópvogsbær standi við samkomulag sem gert var við íbúa á svæðinu að hægt sé að leggja bílum á bílastæði Kópvogsskóla og á sumrin sé hægt að nota stæðin fyrir ferðavagna ýmiskonar.

Virðingarfyllst ,
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Íbúi að Digranesvegi 38

Höfundur: Jóhann Már Sigurbjörnsson

Sent inn þann: 15.10.2025

Viðhengi:

5.1.svar_kopavogsbaejar.png